

Dags. 05. september 2017

KAUPSAMNINGUR

um útgáfuréttindi DV ehf.

- (1) KAUPANDI: Frjáls fjölmiðlun ehf.
- (2) SELJANDI: DV ehf.



Kaupsamningur þessi er gerður af Frjálsri fjölmíðlun ehf., kt. 571212-0640, (hér eftir „kaupandi”), og DV ehf., kt. 590310-0420, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík (hér eftir „seljandi”).

1. HIÐ SELDA

1.1. Kaupandi lofar að kaupa og seljandi lofar að selja, með þeim skilmálum sem koma fram í samningi þessum:

- a. Útgáfurétt dagblaðsins DV í þeirri mynd sem það hefur verið gefið út, ásamt þeim réttindum öllum sem útgáfuréttinum fylgja, að engu undanskildu; og
- b. vörumerkið „DV“ (orð- og myndmerki), skráningarnúmer 1446/2000, ásamt þeim réttindum öllum sem vörumerkinu fylgir, að engu undaskildu; og
- c. Vefmiðilinn www.dv.is og lénið „www.dv.is“, sem hefur verið nýtt í rekstri seljanda, ásamt öllum þeim upplýsingum og gögnum sem undir léninu er að finna á hverjum tíma.

1.2. Til nánari skilgreiningar á hinu selda þá nær hugtakið útgáfuréttur til réttinda til þess að taka við útgáfu framangreinds dagblaðs og vefmiðils í núverandi mynd og/eða breytti mynd, og gefa út ný tölublöð dagblaðsins með sama heiti í framtíðinni.

1.3. Jafnframt fellur undir hugtakið útgáfuréttindi öll vörumerki sem þeim fylgja og fylgja ber, sbr. framangreint skráð vörumerki auk óskráðra vörumerkjana sem tilheyra seljanda og tengjast útgáfu hans á framangreindu dagblaði og vefmiðli.

1.4. Innan útgáfuréttarins fellur einnig réttur til allrar hönnunar, uppbyggingar og almenns útlits dagblaðsins og vefmiðilsins, verklags (e. know-how) vegna vinnslu og útgáfu þess, og allra annarra efnislegra og óefnislegra þátta og hugverkaréttinda sem nauðsynleg teljast til þess að útgáfa dagblaðsins og vefmiðilsins geti haldist óbreytt, og eftir atvikum þróast, m.a. réttur til að breyta þeim hugverkum sem um ræðir og framselja þau. Meðal annars falla undir þetta ljósmyndir sem seljandi hefur öðlast rétt til, bæði eintök af filmum og ljósmyndum í hlutrænu og rafrænu formi, m.a. í rafrænum myndbönkum, og einnig sá hugverkaréttur sem seljandi hefur öðlast yfir ljósmyndunum, þannig að kaupandi öðlast við fullnustu sömu réttindi og seljandi nýtur nú og njóta kann yfir myndum í rafrænum myndabanka.

1.5. Innan útgáfuréttarins fellur einnig réttur til endurprentunar í skilningi 40. gr. höfundalaga nr. 73/1972, þ.e. réttur til að endurútgæfa gömul dagblöð í heild eða hluta og eintök af eldri dagblöðum í hvers kyns formi, m.a. rafrænu formi, sem nauðsynleg eru til að endurprenta dagblöðin í heild eða hluta.

2. KAUPVERÐ OG GREIÐSLUTILHÖGUN

2.1. Kaupverðið er að fjárhæð kr. 200.000.000, – tvöhundruðogfimmilljón krónur -.

2.2. Kaupverðið greiðist með eftirfarandi hætti:

- Með yfirtöku á skuld DV ehf. við Árvakur/Landsprent að fjárhæð 22 m.kr.
- Með yfirtöku á skuld DV ehf. við Íslandsbanka hf. að fjárhæð 18 m.kr.

BBB
AN

- Með greiðslu 160 m.kr. í reiðufé þann 5. september 2017.
- 2.3. Kaupgreiðsla í reiðufé skal lagt inn á bankareikning að vali seljanda.
- 2.4. Yfirtaka á skuldum er háð þeim fyrirvara að samþykki kröfuhafa fyrir aðilaskiptunum fáist fram.
- 2.5. Kaup þessi eru háð þeim fyrirvara af hálfu kaupanda að tryggingabréfum, útgefnum af DV ehf og Vefpressunni ehf, 10. maí 2017 til Fjárfestingafélagsins Dalsins, verði aflétt og skráð úr lausafjárbók.

3. AFHENDING

3.1. Hið selda skal afhent kaupanda við undirritun samnings þessa. Kaupandi tekur við öllum réttindum og skyldum hins selda frá og með afhendingu.


3.2. Seljandi skuldbindur sig til að afhenda þau gögn sem nauðsynleg eru til að færa eignarhald á hinu selda frá seljanda til kaupanda samkvæmt íslenskum lögum og samþykktum.


4. LÖGSAGA OG MEÐFERÐ ÁGREININGSMÁLA

4.1. Íslensk lög gilda um samning þennan. Öllum ágreiningi, sem kann að rísa vegna samnings þessa eða stofnunar hans, skal skotið til úrlausnar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan í votta viðurvist


Reykjavík 05. september 2017


f.h. Frjálsrar fjölmálunar ehf.


f.h. seljanda, DV ehf.,
Björn Ingi Hrafnsson, stj.formaður


f.h. seljanda, DV ehf.,
Arnar Ægisson, meðstjórnandi

Vottar að undirritun og dagsetningu:


Ólafur Hall 18076-5835